

Fundargerð 239. fundar

Launanefndar sveitarfélaga

Mánudaginn 22. febrúar 2010 kl. 12:00 kom launanefnd sveitarfélaga saman til fundar að Borgartúni 30, Reykjavík.

Fundinn sátu Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, Halla Margrét Tryggvadóttir, Gunnar Einarsson, Jórunn Frímansdóttir, Hallur Páll Jónsson, Ingunn Gísladóttir, Hermann Jón Tómasson, Þorsteinn Einarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, Guðrún A. Sigurðardóttir og Benedikt Valsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Nefnd um endurskoðun á starfsemi Launanefndar sveitarfélaga - 0904144SA

Kynnt voru drög að tillögum nefndarinnar til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í almennum umræðum komu fram jákvæð viðhorf og ýmsar gagnlegar ábendingar um tillögur nefndarinnar.

2. Mannauðssjóður SAMFLOTS - 1002028SA

Málið kynnt með vísun í fund samstarfsnefndar Samflots bæjarstarfsmannafélaga og LN þann 18. febrúar 2010.

3. Fundargerðir samstarfsnefnda LN og viðkomandi stéttarfélaga lagðar fram til kynningar

- a) Samflot bæjarstarfsmannafélaga. 33. fundur haldinn 18.02.2010 - 0912059SA
- b) Huggarður. 10. fundur haldinn 15.02.2010 - 0912058SA
- c) Félag grunnskólakennara. 14. fundur haldinn 02.02.2010 - 1001008SA
- d) Félag leikskólakennara. 81. fundur haldinn 27.01.2010 - 0912049SA
Sérstaklega var fjallað um afgreiðslu á máli samkvæmt 3.tl. um "mat á starfsaldri" í fundargerð samstarfsnefnda.
Niðurstaða: LN sammála um að hafna staðfestingu á afgreiðslu 3. tl. samstarfsfundar LN og FL frá 27. janúar 2010.
- e) Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. 45. fundur haldinn 14.01.2010 - 1002026SA
- f) Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. 46. fundur haldinn 28.01.2010 - 1002026SA
- g) Sjúkraliðafélag Íslands. 36. fundur haldinn 15.02.2010 - 0912036SA

4. Önnur mál

- a) Flutningur málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Gerð var grein fyrir stöðu málsins.
- b) Fjallað var um endurskoðun lífeyriskerfi landsmanna í samræmi við ákvæði stöðuleikasáttmálans. Formaður LN kynnti málið.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 14:25.